

Stjórnarfundur Leiðsagnar

3. mars 2022 kl. 17:00

Boðaður fundur stjórnar og varamanna.

Mættir: Friðrik Rafnsson formaður (FR), Valva Árnadóttir (VÁ) gjaldkeri,
Harpa Björnsdóttir (HB) ritari, Sigrún Pálsdóttir (SP) meðstjórnandi,
Guðný Margrét Emilsdóttir (GME) varamaður.

Boðuð forföll: Snorri Steinn Sigurðsson varaformaður (SSS).
(Hjörtur Howser varamaður svaraði ekki fundarboði)

Bryndís Kristjánsdóttir er gestur fundarins vegna umræðu um afmælisárið.

1.	Fundur settur	Formaður setur fundinn og býður fundarfólk og gest fundarins öll velkomin.		
2.	Afmælisárið	<p>Formaður útskýrir að SSS varaformaður hafi leitt starfið við undirbúning afmælisársins framan af, en er nú svo störfum hlaðinn að hann getur ekki sinnt því lengur. SSS hafði því samband við Bryndísi Kristjánsdóttur og bað hana um að taka við keflinu. Bryndís hefur ekki gefið ákveðið svar og vill fá nánari upplýsingar um hvað sé í pípunum. Sagt frá væntanlegu fylgiriti Fréttablaðsins, málþingi í haust, útnefningu heiðursfélaga o.fl. Þarf hún að fá betra stöðuyfirlit verkefnisins frá SSS um starf núverandi teymis, hversu langt undirbúningur er kominn. o.s.frv.</p> <p>Bryndís ritstýrði síðasta 40 ára afmælisblaði sem var mjög vandað, hún var með teymi með sér í kringum það, ritið skilaði hagnaði og allir fengu greitt fyrir vinnu sína. Henni finnst áhætta felast í því að Fréttablaðið sjái um þessa vinnu því skrifin þurfi að vera fagmannleg og e.t.v. ekki nægileg þekking hjá blaðamönnum þar á bæ til að fjalla um sértæk málefni leiðsögumanna. Einnig sé dreifing blaðsins ekki góð. Það sé meiri metnaður og fagmennska í því að gefa sjálf út tímarit. Umræða um hver sé markhópur þessara útgáfu og fundarmenn sammála um að það séu fyrst og fremst félagar LS, en líka aðilar í ferðaþjónustunni almennt. Rætt um 1000-1400 eintaka prentútgáfu, fyrir félagsmenn og til kynningar fyrir aðra, en líka þarf að skoða vefmiðla sem höfða til yngri hópa.</p> <p>Bryndísi telur að það þurfi fleiri viðburði yfir árið, einkum þurfi að leggja áherslu á afmælisdaginn sjálfan 6. júní. Taka fundarmenn undir það sjónarmið og er rætt um útnefningu heiðursfélaga þann dag. Bryndís vill fá skýrari hugmyndir frá stjórn áður en hún ákveður að taka verkefnið að sér, en ef svo færi myndi hún leitast við að fá með sér sama fólk og síðast í teymi.</p> <p>Í þessari umræðu um afmælisárið var komið inn á fleiri</p>	U	Snorri
			U	
			U	Stjórn

		<p>atriði, m.a. raunfærnimatið og spurt hvort það gæti verið afmælisgjöf ársins? Líka rætt um lögverndun starfsheitis sem gjöf ársins en það krefst lengri undirbúnings og lagafrumvarps. Bryndís segir frá því að sú stjórn Leiðsagnar sem hún sat í á sínum tíma hafi samið rökstuðning með frumvarpi um lögverndun (Ásmundur Friðriksson o.fl. 2016) og var það frumvarp komið til umræðu í þinginu þegar ákveðin öfl í okkar eigin röðum unnu gegn því. Leggur hún til að formaður reyni að fá frumvarpið tekið upp að nýju, annaðhvort með sama flutningsfólki eða styrkja það með nýjum frummælendum, nýjum áherslum og rökstuðningi.</p> <p>((Kl. 17:50 vikur Bryndís af fundi og þakka fundarmenn henni fyrir komuna og fyrir góðar og upplýsandi umræður.)</p>	U	Friðrik
3.	Listi yfir leiðsögumenn á heimasíðuna	Formaður ítrekar að það sé mjög brýnt að fá félagatalið á heimasíðuna og þurfi að klárast núna á vormánuðum. SP er með umboð stjórnar til að vinna að þessu máli en það hefur tafist vegna veikinda hjá Filmís. Hún mun ræða við þau í næstu viku og leiðir verkefnið áfram. Fær stjórn stöðuyfirlit á næstunni.	U	Sigrún
4.	Ársreikningar	Gjaldkeri VÁ segir frá því að bókari félagsins hafi ætlaði að koma í dag til að fara yfir fjármálin en varð að afboða vegna persónulegra aðstæðna. Bókari hefur nú þegar lagt fram bráðabirgðayfirlit sjóðanna þriggja og eru flestar skilagreinar iðgjalda búnar að skila sér svo hægt verður að klára uppgjör og ársreikninga fljótlega. Gengið frá yfirlýsingum vegna umsýslugjalda Sjúkrasjóðs og Endurmenntunarsjóðs í dag.	U	
5.	Rafræn skilríki	FR og HB ætla að funda með SmartSolutions í næstu viku. Æskilegt væri ef hægt væri að útbúa rafræn skilríki fyrir alla félagsmenn Leiðsagnar fyrir vorið.	U Á	Friðrik Harpa
6.	Viðræður við lögfræðing vegna kjaramála	SSS varaformaður og formaður kjaranefndar hefur ásamt VÁ og starfsmanni skrifstofu verið að vinna í því að finna lausn á ýmsum kjaramálabrotum gagnvart félagsmönnum. Hefur SSS talið rétt að félagið leiti lögfræðilegrar aðstoðar í erfiðustu málunum. Til stóð að SSS myndi kynna þetta mál betur á fundinum í dag en þar sem hann er í ferð er umræðum frestað.	U Á	
7.	Ráðningasamningur við starfsmann	Formaður tilkynnir að hann og VÁ gjaldkeri séu búnir að ganga frá 75% ráðningasamningi við starfsmann, sem byggir á starfslýsingu og fyrri 50% samningi við starfsmanninn frá jan. 2020. Núverandi starfshlutfall gildi þó til skamms tíma og að hans mati mætti að ósekju hækka starfshlutfallið strax í 100% því verkefnin séu mörg og einkum hafa erfið kjaraálitamál bæst á könnu starfsmanns. Við samanburð sést að ekki er samræmi milli samninganna tveggja og skapast umræður enn á ný um viðveru, opnunartíma skrifstofu, símatíma, heimavinnu og fleira því tengt, og eru ekki allir sammála um hvernig á að haga þeim málum. (Minnt á samþykktir þessu viðvirkjandi frá vinnufundinum 17.1.2022.)	U	

		<p>Skrifstofan hefur áfram verið opin 13-15 og símatími á þeim sama tíma, en óskir koma fram frá nokkrum fundarmönnum um að þessi tími sé lengdur. Telja þeir að ef hækka á stafshlutfallið í 100% frá og með 1. apríl þá eigi að miða við ráðningasamning sem gerður var við fyrri starfsmann í því starfshlutfalli og miða við sömu skyldur, viðveru, vinnutíma og starfslýsingu. Forsendur í núverandi ráðningasamningi geti ekki gilt ef hækkað verði í 100%.</p> <p>Nauðsynlegt að fyrir 1. apríl næstkomandi verið kominn miklu skýrari rammi um starf á skrifstofunni, vinnutíma, opnunartíma o.fl. því viðvíkjandi.</p>	U	
			Á	Stjórn
8.	Félagsfundur og lagabreytinganefnd	Formaður segir frá því að vinna í lagabreytinganefnd gengur vel, eftir næsta fund mun lögfræðingur ASÍ fá lög til yfirlestrar. Að því loknu, og nauðsynlegum breytingum ef þörf er á, verða lög lögð fyrir stjórn og að því loknu fyrir félagsfund (ásamt síðareglum). Þegar lagabreytingarnar eru tilbúnar til kynningar fyrir félagsmenn verða þær fyrst settar á innri félagsvef og félagar hvattir til að kynna sér þær vel.	U	Friðrik
9.	Önnur mál	<p>a) Hjörtur Howser, sem var kjörinn 2. varamaður stjórnar á aðalfundi, hefur aldrei svarað fundarboði eða mætt á stjórnarfundi. Hann hefur heldur ekki svarað fyrirspurnum frá formanni og SP sem tók sæti aðalmanns í stjórn í stað HH. Óþægileg staða þegar aðilar gefa kost á sér í trúnaðarstörf en sinna þeim svo ekki.</p> <p>b) VÁ nefnir að fyrir næsta aðalfund þurfi að kanna áhuga núverandi skoðunarmanna ársreikninga til áframhaldandi starfa, eða ef þeir muni ekki halda áfram þá að finna nýja aðila sem vilja gefa kost á sér.</p> <p>Að sama skapi þarf að kanna innan stjórnar hverjir ganga úr stjórn í vor og hverjir hafa hug á að gefa kost á sér áfram. Sama gildir um öll önnur trúnaðarstörf félagsins sem þarf að endurnýja á komandi aðalfundi. Formaður tekur að sér að gera lista yfir þær stjórnir, nefndir og ráð þar sem þarf að fylla skörðin.</p>	U	
			U	Valva
			U	
			Á	Friðrik
	Fundi slitið 19:15			

Fundargerð samþykkt af öllum fundarmönnum nema Guðnýju Margréti Emilsdóttur varamanni.

Staðfest:

Friðrik Rafnsson, formaður

Harpa Björnsdóttir, ritari